

11. Fundur: Sameiginlegur fundur verkefnisstjórnar og faghópa 6. áfanga rammaáætlunar

Tími: 13. febrúar kl. 13- 16.45 í matsal UOS

Mættir:

Verkefnisstjórn og meðlimir faghópa 1-4, Jóhann Páll Jóhannsson ráðherra Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis, Ásta Ólafsdóttir og Michaela Hrabalíkova frá Náttúrfræðistofnun, Rán Jónsdóttir UOS.

Góð mæting var og voru fundarmenn ríflega 30 þegar flest var.

1. Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnisstjórnar opnaði fundinn og gerði grein fyrir tilgangi hans og reifaði verkefnin framundan.
2. Ásta Ólafsdóttir og Michaela Hrabalíkova frá Náttúrfræðistofnun kynntu kortasjá stofnunarinnar og svöruðu spurningum um þá möguleika sem hún gæfi fyrir faghópa rammaáætlunar.
3. Kaffi og kleinur og spjall.
4. Formenn faghópa, Birna Lárusdóttir formaður faghóps 1. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir formaður faghóps 2, Birgir Guðmundsson formaður faghóps 3 og Kolbrún Reinholdsdóttir formaður faghóps 4 fóru yfir stöðu og aðferðafræði sinna faghópa. Á meðan á þessari kynningu stóð mætti Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra. Hann þakkaði viðstöddum fyrir þátttöku í verkefninu rammaáætlun sem hann taldi mjög mikilvægt.

Fundi var slitið kl. 16.45 .